



Nefndasvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 20.3 2017  
Tilvísun: 201703-0022

**Efni: Þingsályktun um merkingu á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu, 76 mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur um áratugaskeið fordæmt hernám Ísraels í Palestínu og stutt baráttu Alþjóðasambands verkalyðsfélaga (ITUC) fyrir réttindum palestínskrs verkafólks og andstöðu við hið ólögmæta hernám. Eitt þeirra verkfæra sem borgarar lýðfrjálsra ríkja geta notað til þess að þrýsta á stefnubreytingu ríkja sem ekki fara að alþjóðalögum er meðvitað val neytenda á neysluvöru. Nokkurt magn vöru er flutt inn frá Ísrael án þess að bera með sér aðrar upplýsingar um uppruna en að varan sé framleidd í Ísrael en hluti hennar er framleiddur á svæðum sem hernumin hafa verið í andstöðu við alþjóðalög. ASÍ styður því heilshugar að vara sögð framleidd í Ísrael verð sérstaklega merkt eins og tillagan gerir ráð fyrir. ASÍ styður jafnframt að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir auknum viðskiptum við Palestínu á grundvelli bráðabirgðasamnings EFTA þar um frá 1.7 1999 (<http://www.efta.int/free-trade/free-trade-agreements/palestinian-authority>).

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sættúni 1 • Reykjavík  
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601  
asi@asi.is • www.asi.is